

STARFSLEYFI

Lýsi hf.

Lifrabræðsla, lýsisvinnsla, móttaka og geymsla lýsis
Hafnarskeiði 28-30, fastanr. F2212330
815 Þorlákshöfn

kt. 440269 5089

Nafn og kt. rekstraraðila: **Lýsi hf., kt. 440269 5089**
Heimilisfang: **Fiskislóð 5-9, 101 Reykjavík**

Útgáfudagur: 28. febrúar 2019 **Gildir til: 28. febrúar 2031**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:
Fyrir Lýsi hf. vegna lifrabræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis
dags. 28. febrúar 2019**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynna með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsál þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 28. febrúar 2019



Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



STARFSLEYFISSKILYRÐI

fyrir lifrabræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis

Lýsi hf.

**Hafnarskeiði 28-30
815 Þorlákshöfn**

kt. 440269 – 5089

1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir lifrabræðslu, lýsisvinnslu, móttöku og geymslu lýsis á ofangreindri starfsstöð fyrirtækisins.

Leyfilegt er að framleiða úr allt að 100 tonnum af hráefni á sólarhring.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.2 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.3 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.

- 1.4 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

- 1.5 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að hollustu og hreinu umhverfi.

- 1.6 Starfsleyfi skal endurskoða að jafnaði á fjögurra ára fresti. Jafnframt er útgefanda starfsleyfis heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra